

Hvítir menn og svartir

Allt frá því að mannréttindabarátta hófst hjá mannkyni hefur það þótt eðlilegt að fólk bindist samtökum gegn óréttlæti, óstjórn og valdníðslu. Sú var líka ástæðan fyrir því að menn tóku saman höndum um að knýja fram breytingar á stjórn Geðhjálp um síðustu helgi, gerræðisleg framgangna stjórna og stjórnenda á undanförunum árum. Of oft hefur það gerst að gott starfsfólk hefur gengið grátandi úr starfi vegna framkomu þessa fólks. Gerræðislegar uppsagnir hafa átt sér stað þar sem fólki eru gefnir fáeinir klukkutímar til að taka til á borðinu hjá sér og á síðustu mánuðum hefur Geðhjálp tapað á fjórðu milljón króna í starfslokasamninga og óunninn uppsagnafrest.

Til viðbótar því álagi sem felst í

störfum með skjólstaðingum Geðhjálp var veit starfsfólk ekki hver staða þess kann að verða næsta dag. Og nú er svo komið fyrir skjólstaðingum að þeim finnst framtíðin heldur ekki trygg. Umfjöllun um aðbúnað og framkomu við skjólstaðinga Geðhjálp er örugglega efni í aðra grein.

Ólvaðir fundarmenn?

Framgangna fráfarandi formanns Geðhjálp, Eydisar Sveinbjarnardóttur, eftir hinn sögulega aðalfund um síðustu helgi knýr mig til að mótmæla því sem þar kom fram. Vil ég þá fyrst taka fyrir ummæli hennar í fréttum Ríkisútvarpsins kl. 18 þennan sama dag þar sem hún hélt því fram að stór hluti fundarmanna hefði verið ólvaður og haft uppi gróf

frammiköll og sýnt dónaskap.

Undirbúningur þessa fundar var með eindæmum. Þegar fyrrverandi formaður stóð upp til að setja fundinn heyrðist ekki orð af því sem hún sagði. Fundarmenn báðu um að talað væri hærra, vildu heyrja hvað stjórnin hefði fram að færa. Eydis brást við með því að brýna raustina og sagði að fyrsta mál fundarins væri að kjósa fundarstjóra og þar með setti hún fundinn.

Nú byrjaði darraðardansinn. Þegar nokkuð ljóst var að Rúnar Birgisson hlýti kosningu sté Eydis í pontu og tjáði fundarmönnum að engin atkvæði væru tekin nema frá skráðum félögum. Var fólki gefinn kostur á að skrá sig. Nokkrum mínútum seinna sté formaðurinn aftur í pontu og tjáði fundinum að þeir sem ætluðu að skrá sig yrðu einnig að greiða félagsgjöld. Frammi lá félagskrá sem hafði ekki verið uppfærð í nokkur ár, engir giróseðlar höfðu verið sendir út. Voru þeir skráðu búnir að greiða? Var verið að mismuna fundarmönnum til atkvæðisréttar? Loks fannst enginn til að taka við peningum hvað þá heldur greiðslukortum. Er hægt að lá fólki þótt það hafi verið farið að ókyrrast.

Reikningar ekki tilbúnir

Þegar hér var komið sögu sté Eydis Sveinbjarnardóttir formaður í þriðja sinn í pontu og kvað fundinn í algjörru upplausn, hún sái sér ekki annað fært en að slíta fundi. Hún sleit fundi og bætti síðan við um leið og hún lækkaði

Kjallari



Gunnar Páll Ingólfsson
tónlistarmaður

róminn: „Reikningar eru hvort sem er ekki tilbúnir.“ Þarna var vissulega komin ástæða til að biðja fundinn um frestun, en það gerði hún ekki heldur sleit fundi. En hvern það hún þá um leyfi til að slíta fundi? Jú, hún hafði skömmu áður gengið til hvíta mannsins, Magnúsar L. Sveinssonar, sem sagði henni að slíta fundi ekki seinna en strax. Að greina fólk í hvítt og þá væntanlega svart sem hún gerði í kastljóspætti er dæmalaus hroki.

Í þessum Kastljóspætti flaggaði formaðurinn fyrrverandi miða og sagði með vanþóknun að fólki hefði bókstaflega verið sagt hvað það ætti að kjósa. En þar kom einnig fram hjá Kristófer Þorleifssyni að í skýrslu stjórnar væru fyrir mæli um að fundurinn kysi Sigurstein Másson sem formann, sem ég tel að sé einsdæmi í sögu félagsamtaka á Íslandi. Það hefur ekki komið fram hjá f.v. formanni að skömmu fyrir fundinn fékk Sigursteinn Másson að halda framboðsfund með starfsmönnum Geðhjálp að Túngötu 7. Þar hótaði hann starfsmönnum umbúðalaust að ef þeir kysu ekki framboðinn lista stjórnarinnar væru miklar líkur á því að stuðningsþjónustunni yrði lokað, jafnvel í vor, Héðinn Unnsteinsson myndi ganga út með geðræktarverkefnið og hvað varðaði hann sjálfan (Sigurstein) myndi hann hverfa frá störfum fyrir Geðhjálp endanlega. Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri tók undir orð Sigursteins og kvaðst sjálfur hverfa frá störfum ef kosningin gengi ekki eins og þeir legðu fyrir.

Gunnar Páll Ingólfsson



„Gerræðislegar uppsagnir hafa átt sér stað þar sem fólki eru gefnir fáeinir klukkutímar til að taka til á borðinu hjá sér og á síðustu mánuðum hefur Geðhjálp tapað á fjórðu milljón króna í starfslokasamninga og óunninn uppsagnafrest.“